

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Höfða II.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 30 frístundahúsalóðum í landi Höfða II. Skipulagssvæðið er 32 ha og stærðir lóða á bilinu 5.900 – 10.000 m². Stærðir húsa verða á bilinu 50 – 200 m² og hámarkshæð 6 m. Heimilt er að reisa 25 m² aukahús, hámarksnýtingarhlutfall er 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 9. desember 2008.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 1. apríl 2009.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.